




Íbúafundur

Sveitarstjórn stendur fyrir íbúafundi laugardaginn 21. apríl kl. 10.30.

Nánar auglýst síðar

Árshátíð Valsárskóla

Árshátíð Valsárskóla verður haldin fimmtudaginn 22. mars kl. 18 í íþróttasal skólans. Við nemendur erum búin að vera á fullu að æfa söngleikinn Litlu Hryllingsbúðina og fengum utanaðkomandi leikstjóra til að leikstýra okkur og þau heita Pétur Guðjónsson og Jóhanna Birnudóttir (Jokka). Þetta er í fyrsta sinn í mörg ár sem allir nemendur skólans vinna saman að einu verkefni. Það kostar aðeins 1500 kr. fyrir 16 ára og eldri og frítt fyrir grunnskólabörn og yngri. Það verða veitingar á staðnum beint eftir sýningu. Við ætlum að bjóða uppá vöffur, kaffi og kakó fyrir aðeins 500 kr. Allir velkomnir, hlökkum til að sjá ykkur.



Nemendur Valsárskóla.

Næstu rusladagar

- 22. mars - Gráa / brúna tunnan
- 28. mars - Græna tunnan
- 5. apríl - Gráa / brúna tunnan
- 18. apríl - Gráa / brúna tunnan

Svalbarðskirkja

Pálmásunnudagur 25. mars kl. 11.00

Páskasunnudagaskóli. Páskaeggjaleit. Rebbi refur og Heimir Ingimars í páskastuði!

Föstudagurinn langi 30. mars kl. 11

Föstuganga frá Svalbarðskirkju í Laufás. Björgunarsveit á vaktinni. Súpa í þjónustuhúsinu í Laufási gegn vægu verði. Tónleikar í Laufáskirkju kl. 14.30. Gunnar Björn Jónsson og Þorkell Pálsson syngja við undirleik Petru Bjarkar Pálsdóttur.

Páskadagur 1. apríl kl. 11.00

Páskaguðsþjónusta í Svalbarðskirkju. Ekki aprílgebb!!! Hádegishressing í safnaðarstofu að lokinni guðsþjónustu. Gleðilega páskahátíð!

Sumardagurinn fyrsti 19. apríl kl. 11.00

Fermingarguðsþjónusta í Svalbarðskirkju. Gleðilega fermingarhátíð!

Frá skólastjóra

Í þrjú ár höfum við í Álfaborg/Valsárskóla verið að þróa nemendalýðræði í skólanum. Einn hluti af þessu þróunarverkefni er Skólalæping sem haldið er einu sinni í viku. Þar mæta allir nemendur frá 4 ára til 16 ára og flestir starfsmenn og allir mega koma með mál á skólalæpingið svo framarlega sem þau eru í samræmi við landslög og stefnu skólans.

Í janúar kom fram tillaga um að krakkarnir í skólanum skrifuðu pistla í Ströndung um það sem þeim þykir fréttæmt af skólastarfinu. Að þessu sinni skrifa nemendur unglíngastígs fréttir af grunnskólastarfinu, Krummar (elsti árgangurinn í leikskólanum) skrifa fréttir af leikskólastarfinu og einn nemandi í tónlistarskólanum skrifar frá tónlistardeildinni.

Fréttir úr grunnskóla

Við í 8.-10. bekk vorum látin skrifa frétt um helstu viðburði í Valsárskóla að undanförmu.

Nú stendur yfir árshátíðarþema, en árshátíðin verður fimmtudaginn 22. mars. Auk þess að þurfa að vera í skólanum án þess að læra eins og venjulega förum við á samskólamót austur í Kiðagil í Bárðardal. Þar voru líka krakkar frá Stórutjörnum, Grenivík og Þelamörk. Þar tókst okkur til dæmis að brenna vettlinga, sumir unnu að eldsmíði og bjuggu t.d. til skeiðar. Einnig tálguðum við tréhnífa, elduðum tortillur og fleira frá grunni, fengum belgiskar vöflur og ís. Svo förum við í útilegumannaleik og síðan á kvöldvöku og ball á eftir. Samskólaböll eru nokkrum sinnum á ári og eru ekki alltaf skemmtileg. Á mánudaginn förum við svo í Hlíðarfjall í frábæru veðri.

Daginn eftir árshátíðina er loksins komið að Samfés sem er í raun söngvakeppni en aðal fjörið er að fara á ballið og að fara í Kringluna og fá einn burger.

Þetta voru helstu fréttirnar frá Valsárskóla. Meira seinna (kannski).

Nemendur úr 8.-10. bekk.

Fréttir úr leikskóla

Í Álfaborg höfum við undanfarið verið að einbeita okkur að himingeimnum. Kakkarnir hafa búið til pláneturnar, smástirnabeltið, geimflaugar og skutlur ásamt því að velta fyrir sér svartholum. Einfaldara og nærtækara eins og sól, tungl, ský og regnbogar hafa líka komið við sögu en öll höfum við haft gaman af þessu.

Nú undanfarið erum við að fást við hamingjuna og það sem gerir okkur hamingjusöm. Hvað er það? Okkur er það öllum hollt að velta því fyrir sér. Álfaborgarar dagsins eru líka valdir, einn lítill og einn stór og fá þeir að launum mynd af sér með 3 lýsingarorðum.

Nú og svo nálgast páskaþingur og þá þarf að huga að smá páskaföndri.

Allt á sinn stað og allt á sinn tíma segir pabbi hans Einars Áskels, og það vitum við vel hér í leikskólanum.

Fréttir úr tónlistarskóla

Í tónlistarskólanum erum við að vinna mikið í árshátíðinni, við erum samt líka í okkar einkatímum þannig að það er smá mikið að gera í tónlistinni núna. Í tónlistardeildinni erum við að spila í hádeginu stundum og líka með tónleika þegar foreldrar eða ömmur og afar koma í skólann. Svo er líka söngstund en það finnst ekki öllum hún skemmtileg. En bráðum forum við í páskafrí en fyrst er ótrúlega flott árshátíð þar sem tónlistardeildin er með söng, video, hljóðfæri og útsetningar. Svo eru sumir krakkar að læra á gítar að syngja í samspilinu við erum að læra Watermelon Man og líka bítlalög svo erum við líka að spila og syngja login úr Litlu Hryllingsbúðinni sem við erum að fara að sýna á árshátíðinni (Jóel, Markús og Hjalti).

Fjáröflun unglíngadeildar Valsárskóla

Kirkland WC-pappír: 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjölu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 17. apríl.

Skilafrestur er til kl. 15:00 sunnudaginn 15. apríl.